



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

3. Flýting milli bekkja á grunnskólagöngu barns

3. Flýting milli bekkja grunnskólagöngu barns.

3.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á grunnskólagöngu barns til skólastjóra grunnskóla barns með tilfærslu milli árganga, þ.e. sleppa árgangi. Sótt er um flýtingu eigi síðar en 1. febrúar á því ári sem óskað er tilfærslu frá hausti (ekki er hægt að útiloka að slíkt gerist á öðrum tíma skólaárs sömuleiðis).

3.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn sérfræðiþjónustu og starfsfólks skólans.

Í umsögn starfsfólks skóla (umsjónarkennari eða annar aðili) þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu innan nemendahópsins.
3. Styður starfsfólk skólans umsókn foreldra/forsjáraðila?

Í umsögn sérfræðiþjónustunnar þarf að koma fram:

1. Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðiþjónustan hefur veitt vegna barnsins.
2. Upplýsingar um aðkomu sérfræðiþjónustan að greiningum vegna barnsins.
3. Almenn umsögn um þroskastöðu barns:
 - a. *Fæðingardagur*: Æskilegt er að barnið sé fætt snemma á árinu.
 - b. *Almenn náms hæfni*: Almenn námsgeta þarf að vera vel yfir meðallagi aldursárgangs.
 - c. *Félagsþroski*: Barnið þarf að eiga auðvelt með að aðlagast öðrum börnum og líklegt til að falla inn í hóp eldri nemenda.
 - d. *Vitsmunaproski*: Heildartala greindar mælist helst um/yfir 130 á viðurkenndum mælitækjum, s.s WISC-IV en verður að skoðast í samhengi við aðra þætti.
 - e. *Tilfinningaleg staða*: Barnið þarf að vera í góðu tilfinningalegu jafnvægi. Það þarf að njóta stuðnings heiman frá svo það geti staðið undir frekari námskröfum.
 - f. *Líkamleg heilsa og þroski*: Æskilegt er að barnið sé vel þroskað líkamlega og skeri sig ekki úr hópnum.
4. Styður sérfræðiþjónustan umsókn foreldra/forsjáraðila?

3.3. Umsögn sérfræðiþjónustu og starfsfólks skóla skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsagnirnar eru ráðgefandi.

3.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn sérfræðiþjónustu og starfsfólks skóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til fræðslunefndar.
- ii. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 32. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).
- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruehimild til fræðslunefndar.



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

Staðfesti fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kærheimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra jákvæða afgreiðslu.

Stóru-Vogaskóla, Vogum, ágúst 2015